

Úrskurður í máli 11/2010-2011

Kærandi: Landssamband fiskeldisstöðva.

Kærðu: RÚV.

Kæruefni: Frétt á ruv.is 15. febrúar 2011.

Málsmeðferð

Kæra barst siðanefnd (sBÍ) með bréfi dagsettu 4. apríl 2011 ásamt útprenti af umræddri netfrétt, og í kjölfarið var óskað eftir greinargerð frá kærðu. Greinargerð barst frá Óðni Jónssyni fréttastjóra RÚV dags. 13. maí 2011. Siðanefnd tók málið fyrir 19. apríl, 10. maí, 31. maí og 3. júní.

Málavextir

Kærð er birtning RÚV á netfrétt 15. febrúar 2011 um meintar vísindaniðurstöður upp úr tímaritinu Science „*i dag*“, þess efnis að eldislax í Noregi og fleiri Evrópuríkjum inniheldi of mikið af dioxín og öðru eiturefnii og væri hættulegur heilsu neytenda. Eftir ábendingu var netfrétt þessi fjarlægð og mistök viðurkennd, með því að um nokkurra ára vísindalegar upplýsingar væri að ræða, en fréttin var unnin upp úr umfjöllun sánska dagblaðsins Dagens Nyheter, sem þar sem vitnað var til umræddrar gamallar niðurstöðu.

Umfjöllun

Kærandi, Landssamband fiskeldisstöðva, kærði birtinguna til sBÍ og verður samkvæmt texta kærunnar að ætla að kærandi telji kærðu seka um óvönduð vinnubrögð og um að leiðréttu ekki ranga frétt eða biðjast afsökunar á mistökunum. Kærandi telur vinnubrögð kærða til skammar; að mata almenning með „*röngum upplýsingum sem eru efnahagslega skaðlegur, spilla mörkuðum og ruglar vitund almennings á hvað er holtt og gott og hvað er slæmt*“. Kröfum til RÚV um leiðrétti og afsökunarbeiðni hafi ekki verið sinnt.

Kærðu, RÚV, segja að fréttin hafi verið unnin upp úr umfjöllun Dagens Nyheter og að eftir ábendingu hafi fréttin verið fjarlægð, enda hefði komið i ljós að hún væri röng og byggði á úreltum upplýsingum (frá 2004, en ekki „*i dag*“). Ekki hafi verið talin ástæða til frekari aðgerða, enda hafi fréttin aðeins verið stuttan tíma á vefnum og aðeins innan afmarkaðs undirflokkus en ekki á forsíðu. Þó kemur fram að viðkomandi fréttamaður hafi beðið framkvæmdastjóra kæranda afsökunar. Þá krefst RÚV efnislega frávísunar málsins, með því að Landssamband fiskeldisstöðva hafi ekki hagsmuna að gæta, þar sem að ekki hafi verið fjallað um íslenskan eldislax í fréttinni.

Siðanefnd fjallaði töluvert um frávísunarkröfuna; spurninguna um aðildarskort kæranda. Siðanefnd tekur undir með RÚV að í hinni röngu frétt hafi ekki verið fjallað um íslenskan eldisfisk og raunar rökrétt að draga þá ályktun að fréttin hafi ekki fjallað um efni sem snerti hagsmuni kæranda með beinum hætti. Siðanefnd er því samdóma um að vísa meginefni kærunnar frá. Siðanefnd telur hins vegar faglega mikilvægt að koma á framfæri því álti sínu, að kærðu áttu hiklaust að birta leiðrétti á birtingu hinnar röngu fréttar og á hinni röngu heimildatilvísun og biðja lesendur velvirðingar á mistökunum.

Úrskurður:

Kæru Landssambands fiskeldisstöðva, um óvönduð vinnubrögð, er vísað frá þar sem kærandi hafi ekki átt gildra hagsmuna að gæta.

En að álti siðanefndar bar RÚV að biðja lesendur afsökunar á að hafa birt frétt sem var röng og byggð á úreltum upplýsingum, í stað þess að láta nægja að fjarlæga hana.

Úrskurður í máli 11/2010-2011

Reykjavík, 3. júní 2011.

Hjörleif Gíslason

Hjörleif Gíslason

Friðrik Þór Guðmundsson

Friðrik Þór Guðmundsson

Jóhannes Tómasson

Jóhannes Tómasson

Ásgeir Þór Árnason

Valgerður Anna Jóhannsdóttir

Valgerður Anna Jóhannsdóttir